

Greinargerð með fjárhagsáætlun 2026 – 2029



Sveitarstjórn Hrunamannahrepps
Seinni umræða 4. desember 2025

Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri.

Inngangur:

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2026 og 3ja ára áætlun fyrir árin 2027, 2028 og 2029 var lögð fram til fyrri umræðu í sveitarstjórn Hrunamannahrepps þann 22. nóvember 2025 og samþykkt við síðari umræðu þann 4. desember 2025.

Með áætluninni er lagður grunnur að fjárhagsramma sveitarfélagsins fyrir árið 2026 sem nefndum og stofnunum sveitarfélagsins er ætlað að vinna vinna eftir. Auk þess er unnin 3ja ára áætlun fyrir árin 2027-2029 eins og sveitarfélögum er lögum samkvæmt ætlað að gera.

Í Hrunamannahreppi hefur lóðaúthlutun í þéttbýlinu á Flúðum gengið vonum framar og nú hefur öllum lóðum nema tveimur einbýlishúsalóðum verið úthlutað við fyrstu þrjár göturnar í Byggð á Bríkum, Fannborgartanga, Loðmundartanga og Röðulstanga. Er þar um að ræða 79 íbúðir. Eru framkvæmdir hafnar við fjölda húsa í hverfinu og önnur eru í farvatninu. Einnig eru hafnar framkvæmdir við bæði raðhús og fjölbýlishús við Birkihlíð samtals 9 íbúðir og nokkur fleiri íbúðarhús eru í byggingu á öðrum stöðum. Ljóst er því að ekkert lát er á uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á svæðinu enda rétt um 100 íbúðaeiningar á framkvæmda eða undirbúningsstigi þegar þetta er skrifað.

Er þessi uppbygging afar ánægjuleg sérstaklega í því ljósi að ytri aðstæður hafa undanfarin misseri ekki verið hagfelldar húsbyggjendum. Verðbólgan er þrálát og stýrivextir Seðlabankans í hæstu hæðum. En þó að ytri aðstæður hafi verið fáum hagfelldar að undanförunu hafa einstaklingar og fyrirtæki trú á Hrunamannahreppi og eftirspurn verið eftir þeim lóðum sem auglýstar hafa verið.

Ánægjulegt er að sjá að íbúum heldur áfram að fjölga í sveitarfélaginu en nú eru þeir 982. Er það fjölgun um 27 á árinu en íbúar voru 955 þann 1. desember 2024. Þann 1. desember 2023 voru íbúar Hrunamannahrepps 898. Hafa því 87 nýir einstaklingar bæst í hóp Hrunamanna frá því í lok árs 2023. Er þetta fjölgun um 9,4% sem er vel yfir meðaltali mannfjöldaaukningar á landinu. Ekki er útlit fyrir annað en að þessi þróun muni halda áfram miðað við þann mikla fjölda íbúða sem hér eru í farvatninu og þann áhuga fjárfesta á svæðinu sem nú er staðreynd.

Með aukinni þjónustu og nýjum störfum ætti einnig að vera full ástæða til bjartsýni fyrir hönd Hrunamannahrepps á næstu misserum.

Helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar 2026:

- Útsvarsprósenta óbreytt á milli ára eða 14,97%.
- Álagningarprósenta fasteignaskatts á A-flokk er lækkuð 0,45% í 0,44%.
Er þetta þriðja árið í röð sem álagningarprósenta A- hlutans er lækkuð og hefur hún nú lækkað um 10% á tímabilinu.
- Almennar gjaldskrár sem og gjaldskrár veitufyrirtækja fyrir árið 2025 munu hækka um 4,3% að jafnaði sem er hækkun vísitölu neysluverðs síðastliðna 12 mánuði. Gjaldskrár vegna úrgangsmála hækka örlítið meira eða um 5% á milli ára vegna aukins kostnaðar við málaflokkinn.
- Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta jákvæð um 153,8 m.kr.
- Rekstrarniðurstaða A-hluta jákvæð um 143 m.kr.
- Niðurstaða samstæðu A og B hluta án fjármagnsliða og afskrifta (EBIDTA) er jákvæð um 361 m.kr. eða 17,6% af tekjum sveitarfélagsins.

- Skuldir og skuldbindingar samtals (skuldahlutfall) nema 96,4% af tekjum.
- Skuldahlutfall nettó verður 75,7% í árslok 2026 og skuldaviðmið skv. reglugerð 502/2012 verður 72,8 % í lok árs 2026.
- Áætlað veltufé frá rekstri A- og B-hluta er áætlað 221,6 m.kr. sem er um 10,8% af heildartekjum.
- Áætlaðar fjárfestingar A og B hluta nettó nema 337,8 m.kr.

Vert er að geta þess hér að inn í fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps eru núna færðar helstu bókhaldsstærðir stærstu byggðasamlaganna sem sveitarfélagið er aðili að. Skekkir þetta myndina þó nokkuð, sérstaklega þegar horft er til þess að byggðasamlag eins og til dæmis Bergrisinn veltir um 5 milljörðum og hlutur Hrunamannahrepps, þó lítill sé, því tölulega séð nokkuð stór að umfangi.

Forsendur fjárhagsáætlunar

Útsvar:

Gerð er tillaga um óbreytta álagningarprósentu útsvars eða 14,97% en samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga má útsvarsprósenta vera 14,97% að hámarki. Varð breyting á þessu hámarki þann 1. janúar 2024 með samkomulagi Sambands íslenskra sveitarfélaga og ríkisins um sérstaka viðbótarfjármögnun á þjónustu við fatlað fólk. Tekjuskattur einstaklinga lækkaði frá sama tíma um sama hlutfall. Breytingin hefur því ekki áhrif á heildarstaðgreiðslu íbúa.

Fasteignagjöld:

Á árinu 2023 var samþykkt að álagningarprósenta fasteignaskatts í A-flokki (íbúðarhús og sumarhús) myndi lækka úr 0,49% í 0,48%. Var sú lækkun sett fram til að mæta hækkun á fasteignamati í sveitarfélaginu sem nam þá 13,2% á milli ára. Fasteignamat hækkaði einnig á milli árunna 2024 og 2025 en fasteignamat sumarhúsa í Hrunamannahreppi hækkaði þá til dæmis um 24,2% á milli ára og íbúðarhúsnæði í A-flokki um 14% að meðaltali. Atvinnueignir hækkuðu um 7,2%. Var þá um verulegar hækkunir að ræða og því komið til móts við fasteignaeigendur í sveitarfélaginu með lækkun á þeim tíma. Á milli árunna 2025 og 2026 er hækkun fasteignamatsins hóflegri en þrátt fyrir að svo sé er hér lagt til áframhaldandi lækkun fasteignagjaldaprósentu A-hluta sem verður 0,44% á árinu 2026.

Aðrar álagningarprósentur fasteignagjalda eru óbreyttar. Stefnt er að því að halda álöggðum gjöldum eins lágum og kostur og og að hækkunir þeirra verði ekki umfram hækkun neysluverðsvísitölu síðastliðinna 12 mánaða sem er um 4,3% að jafnaði. Þó ber að geta þess að fasteignagjöld miðast við fasteignamat eigna í sveitarfélaginu en með nýrri aðferðafræði sem tekin var upp við fasteignamat fyrir nokkrum árum er ljóst að fasteignamat hækkar með mjög misjöfnum hætti innan sveitarfélaga sem og á milli þeirra og því er allur samanburður á hækkunum milli ára snúinn.

Árið 2025 var tekin upp ný aðferðafræði við innheimtu sorphirðu og sorpeyðingargjalda en með innleiðingu laga um „Borgað þegar hent er“ aðferðafræðina er ljóst að gera þarf verulegar breytingar á innheimtu vegna úrgangsmála. Ekki tókst að taka upp gjaldtöku á gámasvæðinu á árinu 2025 eins og stefnt var að en nú er stefnt að gjaldtöku og innleiðingu klippikorta fyrir fasteignaeigendur á gámasvæðinu á árinu 2026.

Gjalddagar fasteignagjalda á árinu 2026 eru 9.

Gjaldskrár:

Það er eftirtektarvert að gjaldskrár í Hrunamannahreppi eru víða með því lægsta sem gerist. Sem dæmi má nefna að gjaldskrá hitaveitu er með því allra lægsta ef ekki sú lægsta á landinu. Gjöld fyrir leikskóla eru óvíða lægri og árskort í íþróttmannvirki eru á fáum stöðum ef nokkrum ódýrari en hér. Heimsendur matur til eldri borgara sömuleiðis og áfram mætti telja. Er ljóst að sveitarstjórn hefur í gegnum tíðina viljað gera vel við íbúa og er það jákvætt. Þó verður ávallt að gæta þess að ganga ekki of langt í þessum efnum enda eru tekjustofnar sveitarfélaga á Íslandi bæði fáir og smáir og því mikilvægt að gætt sé að rekstrarhæfi sveitarfélaga um leið og íbúum eru búin góð lífsskilyrði.

Á árinu 2026 er gert ráð fyrir að almennar gjaldskrár svo sem leikskóla, mótuneytis og íþróttamannvirkja sem og gjaldskrár B-hluta fyrirtækja, hitaveitu, fráveitu, vatnsveitu og Hrunaljóss hækki að jafnaði um 4,3% eða sem nemur hækkun neysluverðsvisítölu síðastliðna 12 mánuði. Sveitarstjórn hefur að undanfögnu miðað hækkanir gjaldskráa við hækkun verðlagsþróunar síðastliðins árs en ekki við verðbólguþá komandi árs. Með þessu móti er sveitarstjórn að vinna með rauntölur sem hlýtur að vera eðlilegra en að hækka gjaldskrár á undan verðbólgunni en slíkt eykur verðbólguþrýsting.

Á árinu 2023 var börnum, frá fæðingu og að 18 ára aldri, búsettum í sveitarfélaginu veittur gjaldfrjáls aðgangur að sundlauginni, tækjasal (þau sem hafa aldur til) og íþróttahúsinu (opnir tímar). Á árinu 2025 var tekið upp nýtt fyrirkomulag í tækjasal sem er nú opinn iðkendum allan sólarhringinn. Einnig hefur opnunartími sundlaugar verði lengdur og er þar nú opið alla daga auk þess sem þjónustan hefur verið bætt með infra rauðri gufu. Frístundastyrkurinn verður 57.500,- og geta öll börn á þessu sama aldursbili notið hans.

Á árinu 2023 var gerð breyting á innheimtu leikskólagjalda en nú fá öll börn gjaldfrjálsar 6 klukkustundir á dag í leikskóla. Fyrir sjöundu og áttundu klukkustundina er greitt hóflegt gjald. Með þessu er komið til móts við þau sjónarmið sem komið hafa fram um breytt eðli leikskólastarfs en vonir voru bundnar við að dvalartími barna styttest eitthvað og að þar með myndi skapast rými fyrir bæði undirbúning og styttingu vinnutíma leikskólastarfsmanna. Foreldrar og forráðamenn barna þurftu þó ekki að bera þennan aukakostnað að fullu þar sem í staðinn þurfti ekki að greiða fullt gald fyrir yngstu börnin eins áður var. Hefur þetta fyrirkomulag mælst vel fyrir þó ekki hafi það þó haft þau áhrif að dvalartíminn hafi orðið styttri eins og vonast var eftir. Heimgreiðslur frá 12 mánaða aldri og að þeim tíma að barni bjóðist leikskólavistun nema kr. 125.0000,-.

Á árinu 2025 var tekin upp vistun í skólaseli/frístund á föstudögum og njóta nú fjölmörg börn bæði hádegisverðar og vistunar í öruggu umhverfi sem ekki var áður. Hefur þessi breyting mælst mjög vel fyrir.

Á árinu 2024 var, í tengslum við gerð kjarasamninga, samið um gjaldfrjálsar skólamáltíðir barna í grunnskóla. Ríkið greiðir aftur á móti fast gjald pr. máltíð sem framlag til sveitarfélaga á meðan að samkomulag um slíkt er í gildi.

Rekstur:

Áætlun varðandi rekstur einstakra stofnana er byggð á rauntölum ársins 2024 og áætlaðri útkomuspá ársins 2025. Laun miðast við núverandi starfsmannahóp að mestu. Gert er ráð fyrir 3,5% hækkun á launaliðum fjárhagsáætlunar sem er í samræmi við langtímakjarsamning sem gerður var á árinu 2024. Áætlun er gerð á einstaka rekstrarliði stofnana og er unnið út frá rauntölum og raunverulegri stöðu rekstrar og gert ráð fyrir hóflegri hækkun neysluverðsvisítölu víðast hvar eða um 3,5% sem er í samræmi við spár.

Forstöðumenn hafa heimild til að færa fjármuni á milli liða innan vöru- og þjónustukaupa enda sé slíkt gert af skynsemi og yfirsýn yfir stöðu viðkomandi stofnunar. Gert er ráð fyrir aðhaldi og skynsemi í rekstri stofnana eins og verið hefur undanfarin ár.

Mikilvægt er að allir geri sér grein fyrir því að fjárhagsáætlun ber að virða og ef að neyðst er til að víkja frá samþykktri fjárhagsáætlun ber að gera viðauka sem lagður verði fyrir sveitarstjórn til umfjöllunar.

Helstu frávik frá fyrra ári hvað rekstur sveitarfélagsins varðar er að greiðslur frá Jöfnunarsjóði munu minnka umtalsvert eða úr 414 m.kr. í 376 m.kr eða um 9,4%. Er hér um að ræða áhrif af breytingum á reiknireglu Jöfnunarsjóðs sem sveitarstjórn Hrunamannahrepps mótmælti af krafti enda með öllu óeðlilegt að sveitarfélag með meðaltekjur langt undir nágrönnum sínum, og mörgum öðrum, skuli vera skert með þeim hætti sem samþykkt hefur verið. Sú staðreynd að ungmenni úr Skeiða- og Gnúpverjahreppi munu ekki lengur koma í Flúðaskóla til náms á elsta stigi mun einnig hafa áhrif til tekjulækkunar þar sem síðustu greiðslur þaðan munu berast í lok skólaárs 2025-2026 en þá ljúka síðustu nemendur 10. bekkjar námi sínu hér. Mun nemenda og þessara góðu samskipta verða saknað úr skólastarfinu en einnig mun ljúka á sama tíma samstarfi um Félagsmiðstöðina Zero sem staðið hefur um árábil. Ekki er mögulegt að hagræða í starfi til að mæta að fullu því tekjufalli sem verður við þessar breytingar og því hafa þær neikvæð áhrif á afkomu til lengri tíma lítið.

Það að þessarar tekjuminnkunar skuli ekki gæta í rekstrarafkomu sveitarfélagsins er því að þakka að til stendur að selja fasteignir sveitarfélagsins við Smiðjustíg og er gert ráð fyrir söluhagnaði vegna þessa, 88 m.kr., á árinu 2026. Breytingarnar á afkomunni sjást aftur á móti nokkuð greinilega þegar lengra líður inn í þriggja ára áætlun sveitarfélagsins þar sem ekki er gert ráð fyrir viðlíka rekstrarafkomu og nú er.

Niðurstaða fjárhagsáætlunar :

Helstu lykiltölur fjárhagsáætlunar Hrunamannahrepps árið 2026 eru eftirfarandi:

- Heildartekjur Hrunamannahrepps (aðalsjóðs, A- og B- hluta) nemi alls kr. 2.053 m.kr. fyrir árið 2026. Þar af eru útsvar og fasteignaskattur áætlaðar 1.070,9 m.kr.
- Framlög Jöfnunarsjóðs eru áætluð 376 m.kr.
- Aðrar tekjur A og B hluta eru áætlaðar 606,7 m.kr.
- Rekstrargjöld og reiknaðar afskriftir samstæðu nema um 1.803 m.kr..
- Niðurstaða samstæðu A og B hluta án fjármagnsliða og afskrifta (EBIDTA) er jákvæð um 361 m.kr. sem er 17,6% af tekjum sveitarfélagsins.
- Fjármagnsliðir eru áætlaðir 96,5m.kr. Rekstrarniðurstaða A og B hluta er því jákvæð um 153,8 mkr.
- Skuldaviðmið skv. reglugerð 502/2012 verður 72,8 %.

Nú hefur fallið úr gildi það ákvæði sem ríkisstjórnin samþykkti vegna COVID að ákvæði í lögum varðandi skuldahlutfall og jafnvægisreglu yrði fellt út allt til ársins 2025. Héðan í frá gilda hefðbundar reglur sveitarstjórnarlaga og sveitarstjórn mun gæta að því að skuldir sveitarfélagsins fari ekki yfir 150% af tekjum enda er Hrunamannahreppur langt undir því viðmiði á árinu 2026.

Fjárfestingar:

Í fjárhagsáætlun ársins 2026 er gert ráð fyrir að nettó fjárfestingar í samstæðu A og B hluta verði 352,8 m.kr. Fjárfesting í A hluta muni nema 248,8 m.kr. nettó.

Eins og kemur fram í eftirfarandi töflu er langstærsta einstaka fjárfesting ársins 2026 kostnaður við kaup á fimm íbúðum á efri hæð Hrunamannavegar 3, en neðri hæðin og kjallari þess húss var keypt á árinu 2023. Á árinu 2024 var gengið frá samningi um leigu Heilbrigðisstofnunar Suðurlands á stærstum hluta neðri hæðar hússins og var Heilsugæsla Uppsveitanna opnuð í glæsilegu húsnæðinu í byrjun nóvember. Innrétting á húsnæði fyrir apótek er langt komin og tekur Apótek Suðurlands væntanlega til starfa í því rými í byrjun árs 2026.

Á árinu 2024 var innréttað húsnæði í íþróttahúsinu fyrir tækjasal og aðstöðu fyrir sjúkraþjálfara og var sú aðstaða tekin í notkun í byrjun febrúar 2025. Hefur þessi breyting mælst mjög vel fyrir og langur biðlisti er eftir tímum í sjúkraþjálfun auk sem sem á þriðja hundrað manns er með árskort í íþróttamannvirki. Á árinu 2025 var unnið að breytingum í Félagsheimili Hrunamanna og flutti ráðhúsið og bókasafnið í ný húsakynni í nóvember það sama ár. Skrifstofuhótel mun opna í húsnæðinu í janúar 2026 með aðstöðu fyrir sex aðila í einu. Gert er ráð fyrir fjármunum á árinu 2026 til endurbóta á anddyri Félagsheimilisins þannig að það þjóni betur þeirri fjölbreyttu starfsemi sem í húsinu er.

Með fjölgun íbúa skapast þörf á fleiri leikskólaplássum og enn betri aðstöðu fyrir starfsmenn. Gert er ráð fyrir framkvæmdum hvað það varðar á árinu 2026 en þá mun deild fyrir yngstu börnin opna í gamla ráðhúsinu að Akurgerði 6 en innrétting þess húsnæðis er nú hafin. Um leið og yngstu börnin flytja í nýtt húsnæði verður ein leikskóladeild Grænhóll, tekin undir starfsmanna aðstöðu og sérfræðirými og þar verður einnig salerni þannig að vandamál er laut að fáum salernum starfsmanna í leikskólanum er þar með úr sögunni. Á árinu er jafnframt gert ráð fyrir að hönnun á nýrri viðbyggingu við leikskólann hefjist en stefnt er að því að það húsnæði opni sumarið 2029.

Við Flúðaskóla er gert ráð fyrir minniháttar framkvæmdum, viðhaldi og endurbótum á skólalóð til næstu ára.

Ekki er gert ráð fyrir neinni gatnagerð á árinu 2026 en aftur á móti eru settir fjármunir í gerð göngustígs á milli miðbæjar Flúða og Byggðar á brikum og er undirbúningur að því verki þegar hafinn. Ennfremur verður gengið frá bæði gangstétt og kantsteini í Röðulstanga en frágangi göturnar lauk á árinu 2025. Ekki tókst að klára yfirborðsfrágang á lóðjúlóðinni á árinu 2025 eins og gert var ráð fyrir og því er það verk á fjárhagsáætlun árið 2026. Útboð hefur þegar farið fram.

Gert er ráð fyrir áframhaldandi endurbótum á gámasvæði sveitarfélagsins en haldið verður áfram með það verkefni sem hófst á árinu 2025. Einnig eru settir fjármunir til stígagerðar, leiktækjakaupa og ýmissa annarra minni verkefna í sveitarfélaginu.

Unnið er að því kanna fýsileika þess að núverandi slökkvistöð verði flutt á lóð áhaldahússins og nýtt þar sem geymsla fyrir grófara efni, lagnir og annað slíks. Til verksins eru settar 10 m.kr.

Gert er ráð fyrir að hafist verði handa við lagninu nýrrar vatnsveitu frá Blákvísl á Hrunamannafrétti og niður að Flúðum hefjist á árinu og framkvæmdin taki nokkur ár. Er sú framkvæmd ennþá á hönnunarstigi en fjármunir eru settir til fyrsta áfanga á árinu 2026 enda brýnt að byggðum sveitarfélagsins sé tryggt nægjanlegt og gott neysluvatn. Á næstu árum þar á eftir er settur um hálfur milljarður til verkefnins en enn liggur ekki að fullu ljóst fyrir hvert verður endanlegt umfang verksins og kostnaður.

Á árinu 2026 er gert ráð fyrir kostnaði vegna afmælis sveitarfélagsins en stefnt er að hátíðahöldum og viðburðum vegna 1150 ára afmælis Hrunamannahrepps á árinu 2026. Meðal annars er gert ráð fyrir nýjum minnisvörðum við innkomurnar í sveitarfélagið og fjármunir settir til þess verks.

Aðrar fjárfestingar eru smærri í sniðum en miða allar að bættu umhverfi og betri þjónustu sveitarfélagsins. Eftirfarandi eru helstu fjárfestingar tímabilsins.

Fjárfestingar A og B hluta Hrunamannahrepps 2026 - 2029				
A-hluti	2026	2027	2028	2029
Leikskóli	10.000.000	100.000.000	100.000.000	100.000.000
Sundlaug	22.000.000	35.000.000	15.000.000	
Flúðaskóli, húsnæði		5.000.000	5.000.000	5.000.000
Flúðaskóli, frágangur á leiksvæði	5.000.000	5.000.000	5.000.000	5.000.000
Innkeyrslur í sveitarfélagið x2 merki	8.000.000			
Lækjargarður og kvenfélagssk. - Stígagerð o.f	4.000.000	4.000.000	3.000.000	3.000.000
Lækjargarður - leiktæki	2.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000
Félagsaðstaða eldri borgara		50.000.000	50.000.000	50.000.000
Félagsheimili	8.000.000	10.000.000	10.000.000	30.000.000
Hrunamannavegur 3	5.000.000	3.000.000	3.000.000	3.000.000
Gámasvæði - malbik og fleiri framkvæmdir	15.000.000	15.000.000	10.000.000	10.000.000
Hrunamannavegur 3 - kaup á 5x íbúðum	185.000.000			
Smiðjustígur - sala á 2x íbúðum	- 95.000.000			
Göngustígar	13.000.000	5.000.000	3.000.000	3.000.000
Gatnagerð	13.000.000	40.000.000	30.000.000	15.000.000
Iðjustlóð gatnagerð	30.000.000			
Gatnagerðargjöld	- 30.000.000	- 40.000.000	- 40.000.000	- 20.000.000
Flutningur á slökkvistöð	10.000.000			
Bífreið - vél f. áhaldahús	6.000.000		10.000.000	
Samtals fjárfesting A- hluta	211.000.000	233.000.000	205.000.000	205.000.000
B- hluti	2026	2027	2028	2029
Vatnsveita				
Fjárfesting	75.000.000	200.000.000	200.000.000	100.000.000
Stofngjöld	- 6.000.000	- 8.000.000	- 8.000.000	- 8.000.000
	69.000.000	192.000.000	192.000.000	92.000.000
Fráveita				
Fjárfesting	20.000.000	20.000.000	90.000.000	20.000.000
Tengigjöld	- 3.000.000	- 3.000.000	- 4.000.000	- 4.000.000
	17.000.000	17.000.000	86.000.000	16.000.000
Hrunaljós				
Fjárfesting	4.000.000	4.000.000	8.000.000	4.000.000
Tengigjöld	- 2.000.000	- 2.000.000	- 2.000.000	- 2.000.000
	2.000.000	2.000.000	6.000.000	2.000.000
Hitaveita Flúða				
Fjárfesting	20.000.000	15.000.000	20.000.000	15.000.000
Tengigjöld	- 4.000.000	- 4.000.000	- 4.000.000	- 4.000.000
	16.000.000	11.000.000	16.000.000	11.000.000
Samtals fjárfesting í B-hluta	104.000.000	222.000.000	300.000.000	121.000.000
Samtals fjárfesting í A og B hluta	315.000.000	455.000.000	505.000.000	326.000.000

Lántökur:

Gert er ráð fyrir að tekin ný langtímalán árið 2026 í A hluta nemi 104,6 m.kr. En samstæðu 184,7 m.kr. Skuldaviðmið verður 72,8 % í lok árs 2026.

Þá hefur verið tekið tillit til ákvæða reglugerðar 502/2012 sem heimilar að dregið sé frá skuldum við útreikning skuldahlutfalls, lífeyrisskuldbindingar sem falla munu til eftir 15 ár og síðar sem og eftirstöðvar fyrirframgreiðslna vegna Varúðarsjóðs og Lífeyrisaukasjóðs vegna framlaga sveitarfélags í tengslum við uppgjör A deildar Brúar lífeyrissjóðs, sbr. bráðabirgðaákvæði við reglugerð nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga.

Afborganir langtímalána samstæðunnar á árinu 2026 munu nema 133,5 m.kr.

Þriggja ára áætlun

Á árunum 2026 – 2028 er gert ráð fyrir að fjárfestingar samstæðu Hrunamannahrepps muni samtals nema 1.436 m.kr.

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir því að þriggja ára áætlun er hér sett fram miðað við þær forsendur sem í dag liggja fyrir og langtímaspár. Aftur á móti vitum við að ýmislegt getur gerst sem raskað getur þeim spám eins og atburðir síðustu missera hafa svo rækilega sannað. Hrun efnhagskerfisins, heimsfaraldur inflúensu, eldgos og náttúruhamfarir var ekki eitthvað sem við gátum átt von á, tilheyrandi efnhagslegur óstöðuleiki á heimsvísu sem enginn endir er á og ekki bætir stríð í Evrópu fjárfestingar fjárhagsáætlunargerðar næstu missera.

Kjarasamningar á Íslandi hafa einnig verið með þeim hætti að erfitt ef ekki ómögulegt hefur reynst að áætla fyrir þeim hækkunum sem þar hafa iðulega orðið reyndin. Óskandi er að meira jafnvægi verði í fjárhagslegu umhverfi sveitarfélaga á næstu misserum.

Umræða um rýra og veika tekjustofna sveitarfélaga verður sífellt háværari um leið og kröfur til þessara sömu sveitarfélaga um bættu þjónustu, bæði frá íbúum og löggjafarvaldinu, eru endalausar. Mikilvægt er að það náist sátt um tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga þannig að sveitarfélög landsins verði sjálfbær til lengri tíma litið. Því miður er það ekki reyndin í dag, nema í undantekningartilfellum.

En í Hrunamannahreppi er bjart framundan. Leiðin liggur upp á við með uppbyggingu, fleiri íbúum og fjölbreyttari atvinnu. Við setjum markið hátt og viljum búa íbúum og fyrirtækjum framúrskarandi aðstæður með það að markmiði að íbúum fjölgi, atvinnutækifærum einnig og að þannig skapist enn betri grunnur að rekstri sveitarfélagsins.

Rétt er í lokin að minna á að þriggja ára áætlun er hér sett fram með þeim fyrirvara að hún getur og mun taka breytingum þegar kemur að gerð fjárhagsáætlunar viðkomandi árs þegar taka þarf tillit til aðstæðna eins og þær verða á þeim tíma.

Lokaorð

Fjárhagsáætlunin var unnin í góðri samvinnu við forstöðumenn stofnana og nefndamenn og ber að þakka þá jákvæðni og samstarfsvilja sem sýndur var við gerð fjárhagsáætlunarinnar.

Greinargerðin er birt með fyrirvara um villur sem í henni kunna að leynast.

Aldís Hafsteinsdóttir
Sveitarstjóri